

Nd. 291. Frumvarp til laga

um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu).

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Hvervetna skal svartbakur (veiðibjalla) réttdræpur.

2. gr.

Heimilt er sýslunefndum eða bæjarstjórnnum að gera samþykktir, er atvinnumálaráðherra staðfestir, um eyðingu svartbaks, og skal þeim skylt að gera það, ef 5 eða fleiri æðarvarpseigendur eða leigutakar æðarvarpslanda, búsettir innan sýslunnar eða í kaupstaðnum, krefjast þess, og skal samþykkt gerð innan árs frá því er krafa hefir fram komið, og sendir þá sýslumaður samþykktina atvinnumálaráðherra til staðfestingar og löggildingar.

3. gr.

Nú er samþykkt send ráðherra til staðfestingar, en í hana þykir vanta nauðsynleg ákvæði, eða hún þykir fara í hága við gildandi lög eða reglugerðir, og synjar þá ráðherra staðfestingar og endursendir frumvarpið og greinir ástæður fyrir synjuninni.

Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlast gildi. Gildir hún þá upp frá því fyrir alla, sem heima eiga eða land hafa til afnota á samþykktarsvæðinu.

4. gr.

Nú er ákveðið í samþykkt, að eyða skuli svartbak með skotum, og greiðir þá rikissjóður helming skotmannslauna, en sýslusjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður sinn fjórðung hvor. Þó er rikissjóði eigi skylt að greiða meira en 20 aura fyrir hvern skotinn svartbak.

Hreppsnefnd ræður svartbaksskyttur, hver fyrir sinn hrepp.

5. gr.

Hver sá, er hindrar skipaðar svartbaksskyttur að verki, eða reynir að varna því, að eyðing svartbaks megi fram fara í samræmi við staðfestar samþykktir, sæti sektum frá 10—100 krónum.

6. gr.

Skyldur er hver jarðarabúandi að eyða öllum svartbakseggjum í landi ábýlisjarðar sinnar, eða öðrum þeim löndum, sem hann hefir umráð yfir, ef þess er kostur. Vanræki jarðarabúandi þessa skyldu sína af ásetningi eða skeytingarleysi, sæti hann sektum frá 50—300 krónum.

7. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum skulu renna til blutaðeigandi sveitarsjóðs. Mál þau, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 6 frá 19. febr. 1892, um eyðing svartbakseggja.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.